

Kirkjuþing 2022-2023

29. mál - þskj. 29

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um eftirfylgni við nýja presta og djákna.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Sigurði Grétari Sigurðssyni.

Frsm. Sigurður Grétar Sigurðsson.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir að fela biskupi Íslands að setja upp áætlun um eftirfylgni við nýja presta og djákna sem stendur yfir fyrstu þrjú ár þjónustunnar.

#### Greinagerð.

Upplifun presta og djákna við upphaf þjónustu getur verið afar misjöfn og eftirfylgni handahófskennd eftir því hverjir eru í nágrannaþjónustu og hvort og þá hvernig prófastar sinna slíkri eftirfylgni. Sem dæmi þá hefur Norska kirkjan þann háttinn á að einu sinni á ári, fyrstu tvö eða þrjú árin í þjónustu, eru prestar kallaðir saman á einum stað, fá fræðslu og uppbyggingu og góða handleiðslu þar sem sameiginleg reynsla getur verið afar gefandi og hvetjandi. Hefðbundin prestastefna, eins frábær og hún er, og eins hefðbundnir menntadagar, sem oftast eru mjög nærandi, koma ekki í staðinn fyrir þessa tillögu. Þá tryggi kirkjuþing fjármuni til verkefnisins.